

Fundur í skólaráði 12. september 2012

Mættir eru: Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri, Þórunn Jóhannsdóttir fulltrúi annars starfsfólks skólans, Magnea Böðvarsdóttir varamaður fyrir Rósu Baldursdóttur fulltrúa kennara, Sigurður Kristmundsson fulltrúi foreldra, Margrét Rut Reynisdóttir fulltrúi nemenda, Unnar Hjálmarsson fulltrúi nemenda og Valdís Kristinsdóttir fulltrúi kennara. Jóhannes Gunnar Sveinsson fulltrúi foreldra boðaði forföll.

Upphaf skólastarfs - skýrsla skólastjóra

Halldóra ræddi um hvernig skólastarfið fer af stað. Þar kom m.a. fram ánægja með samstarfið við tónlistarskólann, sjöundi bekkurinn kemur alfarið inn á unglingsstigið þetta árið, breytingar á skipulagi sérkennslunnar þannig að ekki er um að ræða að sérdeild og sérkennsla séu í sitt hvoru lagi heldur sameinað.

Skipurit skólans

Halldóra kynnir skipurit skólans. Helstu breytingar eru að kominn er aðstoðarskólastjóri og að deildarstjórar stiganna eru nú einnig yfirmenn stuðningsfulltrúa á hverju stigi. Sigurður benti á að það mætti koma fram hverjir eru yfirmenn skólastjóra eða að annað skipurit kæmi með þar sem yfirmenn skólastjóra eru tilgreindir. Einnig mætti skólaráð og foreldrafélag vera inni á skipuritinu og umræður urðu um hvort nemendur þyrftu ekki að koma fram á skipuritinu líka. Halldóra ætlar að finna leiðir til þess.

Áætlun fastrar viðveru

Halldóra kynnti áætlun um fasta viðveru starfsmanna skólans. Umræður urðu um heiti skólans þ.e. Hóþsskóla og Grunnskóla Grindavíkur og aðgreiningu á því. Þá kom fram að verið er að leita eftir nöfnum á starfsstöðvarnar og rætt um að leita til nemenda.

Farið var yfir að föst viðvera starfsfólks er á fimmtudögum og mánudögum, þá eru ýmsir fundir m.a. um innra mat skólans og þróunarstarf. Sigurður spurði sérstaklega um þróunarverkefnið Orð af orði og það var útskýrt og rætt.

Starfsáætlun skólaráðs

Verkefni fundarins er að setja niður áætlun fyrir veturinn. Halldóra leggur til að fundað verði í september, október, nóvember en sleppa desember. Síðan yrði fundað eftir áramót í janúar, febrúar, apríl og maí.

Halldóra leggur fram reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Þar er kynnt hlutverk skólaráða og hvað þau eiga að fjalla um. Halldóra leggur til að fastsetja fundi og gera áætlun um hvað á að fjalla um á hverjum fundi.

Áætlun um fundi og fundarefni

12. september: Upphaf skólaársins. Skipurit skólans og áætlun fastrar viðveru. Starfsáætlun skólaráðs og skipan þess.

3. október: Rekstraráætlun og starfsáætlun skólans.

14. nóvember: Foreldrafélag, samstarf heimila og skóla. Kynning á stöðu þróunarverkefna.

16. janúar: Húsnæðismál, aðstaða og aðbúnaður. Skólareglur.

20. febrúar: Starfsmannamál og skipulag næsta skólaárs, hugað að skóladagatali. Umfjöllun um skólanámskrá.

10. apríl: Niðurstöður úr starfsmannasamtölum. Endurmenntunaráætlun næsta skólaárs.

29. maí: Sjálfsmatsskýrsla og þróunaráætlun.

Skipan skólaráðs

Matthildur Þorvaldsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins hefur óskað eftir að ganga úr ráðinu vegna anna í námi og skipa þarf nýjan fulltrúa í hennar stað.

Ráðið skipa

2 fulltrúar foreldra, stjórn foreldrafélagsins sér um að skipa þá

1 fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, ráðið leggur samþykkið að fulltrúi íbúa í grenndarsamfélagi komi úr foreldrafélagi leikskólanna.

2 fulltrúar kennara, kosnir á starfsmannafundi.

2 fulltrúar nemenda, koma úr nemendaráði skólans.

1 fulltrúi annars starfsfólks skólans, kosinn á starfsmannafundi.

Halldóra leggur til að aðstoðarskólastjóri verði áheyrnarfulltrúi í ráðinu og riti fundargerðir.

Fundargerð ritaði Magnea Böðvarsdóttir.